

Nd.

696. Breytingartillaga

[306. mál]

við frv. til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og hindrskyldu innlánsstofnana.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni og Albert Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

- a) Verð á vöru og þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteignum eða lausafé má ekki hækka fram til 1. ágúst 1981 frá því sem var 30. apríl 1981, nema að fengnu samþykki rétttra vfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neinar hækk-anir umfram brýnustu nauðsyn.
- b) Þann 1. ágúst skulu upphafleg ákvæði 8. og 12. gr. laga nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem breytt var með 59. og 60. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála, taka gildi á ný.
- c) Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, falla niður og í stað komi nýtt ákvæði til bráðabirgða, er orðist svo:

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru 1. ágúst 1981, skulu halda gildi sínu til 1. desember 1981 nema verðlagsráð hafi tekið afstöðu til þeirra fyrir þann tíma.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga og lánsfjárlaga ársins 1981 er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld um allt að 31 milljón króna.